

Skýrsla Fjárhagsnefndar LH

Fyrir nefndinni lágu engar beinar tillögur frá þinginu, en nefndinni var falið að fara yfir ársreikninga LH fyrir árin 2012 og 2013, ásamt því að álykta og ræða um fyrirbyggjandi fjárhagsáætlanir fyrir starfsárin 2015 og 2016.

Fund nefndarinnar sátu gjaldkeri LH, Sigrún Þórðardóttir og framkvæmdastjóri LH, Axel Ómarsson og fóru þau yfir og útskýrðu ýmsa tekju- og gjaldaliði í ársreikningunum og þau frávik sem þar er að finna, ásamt öðrum atriðum sem þau skýrðu úr rekstri sambandsins.

Í ársreikningunum er að finna miklar sveiflur í tekjum sem skýrast að mestu af því að annað árið var Landsmót, en hitt árið heimsmeistaramót.

Framlög fyrirtækja hækka mjög mikið á milli árunna 2012 og 2013, eða um 9,5 mkr. en af þessum heildartekjum 15,9 mkr., á árinu 2013 eru um 7 mkr. vegna styrks frá VÍS. Ýmsir stórir styrktarsamningar eru að klárast um þessar mundir og því veruleg þörf á endurnýjun og nýjum samningum, en það virðist vera mikil samkeppni um auglýsingar og styrki hjá fyrirtækjum og ekki auðhlaupið að því að ná samningum, um þessar mundir. Landsliðsnefnd hefur það hlutverk að afla tekna og styrkja vegna verkefna landsliðsins og vegna þess hversu erfitt virðist að sækja nýja styrki nú kann að vera að erfitt verði að ná þeim markmiðum sem sett eru í fjárhagsáætlunum fyrir árin 2015 og 2016. Nefndin telur að mjög mikilvægt sé að stjórnin einhendi sér í að afla nýrra stórra styrktarsamninga og samræma styrkjasöfnun á vegum sambandsins.

Mótafengur lækkar á milli ára sem skýrist af því að tekjur eru að fara á milli ára, en þetta hefur verið svolítið óstöðugt í framkvæmd og innheimtu undanfarið og verið viðvarandi vandamál.

Rætt um launakostnað, en starfsmaður LH er ýmist starfsmaður þess eða Landsmóts, reiknað var hver væri launakostnaður vegna Landsmóts og Landsmót var rukkað fyrir því af LH.

Rætt var um hvort það ætti að flokkaskipta starfinu innan LH og gera sýnilegra í ársreikningum, t.d. með því að gera landsliðsverkefni upp sér, æskulýðsverkefni sér o.s.frv.

Fram kom að umfang landsliðnefndar er mjög stór hluti af reikningsskilunum, sem vakti nefndina til umhugsunar um hvort ekki væri æskilegt að sérgreina betur - annars vegar almennan rekstur LH og hins vegar hlut landsliðsnefndar.

Á árinu 2013 var eignfært nýtt hlutafé í Landsmóti ehf., með því að breyta kröfu í hlutafé, en sú hlutafjárukning var kr. 15.676.187 en samhliða kom BÍ með hlutafé, í peningum, að fjárhæð um 8 mkr. Eigið fé Landsmóts ehf. var í árslok 2013 jákvætt um kr. 3,6 mkr. og því er um verulegt ofmat að ræða á eignarhluta LH í Landsmóti ehf., í ársreikningi félagsins. Hér er þá ekki horft til óefnislegra eigna sem kunna vera til staðar hjá Landsmóti ehf., en eru ekki færðir til eignar. Ef hlutur LH í Landsmóti ehf. væri færður skv. hlutdeildaraðferð, væri eignarhluturinn einungis bókfærður á um 2,4 mkr. Fjárhagsnefnd beinir því til stjórnar LH að hún skoði hvort skynsamlegt sé að færa hlut LH í Landsmóti ehf., eftirleiðis skv. hlutdeildaraðferð.

Fjárhagsnefnd leggur til að 59. Landsþing LH samþykki ársreikninga sambandsins fyrir árin 2012 og 2013.

Farið var yfir árshlutareikning 2014 (fyrstu átta mánuðir) sem kallaði ekki á sérstakar athugasemdir af hálfu Fjárhagsnefndar.

Fyrir þinginu liggur fjárhagsáætlun vegna árana 2015 og 2016, en þar er gert ráð fyrir að niðurstaða ársins 2015 verði hagnaður uppá 5,1 millj. og niðurstaða ársins 2016 verði hagnaður uppá 4,7 millj. Fjárhagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi fjárhagsáætlanir árana 2015 og 2016 og leggur til við þingið að þær verði samþykktar.

Fleiri málefni voru ekki tekin til umræðu í nefndinni.

Í Fjárhagsnefnd sátu:

Stefán Logi Haraldsson, Skugga, form.

Lárus Finnbogason, Spretti, ritari

Bára Másdóttir, Smára

Linda Björk Ómarsdóttir, Sleipnir

Þórunn Ansnes, Sörla

Svavar Ólafsson, Geysi

Hólmgæir Valdemarsson, Léttir